



Myndir: Sigurmundur Páll Jónsson.

Eintóm gleði á Kjötsúpuhátíð

Kjötsúpuhátíðin á Hvals-
velli var haldin í tuttugasta
skipti dagana 26. til 30. ágúst
með glæsibrag. Hátíðin hefur í
tvo áratugi verið fastur liður á
Hvalsvelli og líkt og undanfarin
ár var fritt inn á alla viðburði.

„Hátíðin tókst alveg frábær-
lega vel og aldrei hefur verið

eins mikið af fólki. Veðrið var
fullkomið,“ segir Sigurmundur
Páll Jónsson, markaðs- og
kynningarfulltrúi Rangárþings
eystra, í samtali við Dagskrána.

Mikið var um að vera alla
helgina og höfðaði dagskráin
til gesta á öllum aldri. Boðið
var upp á fjölbreytta tónlist og

afþreyingu, auk þess sem börnin
gátu notið tívolís, hoppukastala
og fjölskylduskemmtunar á
miðbæjartúninu. Mikil lita-
gleði var í bænum þegar íbúar
skreyttu hverfin sín í sínum
sérstöku hverfislitum.

Súpuróltið sem fór fram á
föstudag hefur fest sig í sessi

sem einn af helstu hápunktum
hátíðarinnar. Sú hefur að íbúar
opni heimili sín og bjóði gestum
upp á heimagerða kjötsúpu.

Laugardagskvöldið var
svo annar af stóru hápunktum
hátíðarinnar. Brekkusöngur
undir stjórn Guðrúnar Árnýjar
fór fram í stóra tjaldinu og að

honum loknum lýsti flugelda-
sýning upp himininn yfir Hvals-
velli. Kvöldinu lauk síðan með
Kjötsúpuballi þar sem Stuðla-
bandið steig á svið ásamt
sérstökum gestum, þeim Frið-
riki Dór og Páli Óskari.

Hans Þór íþróttamaður Rangárþings eystra

Tilnefningar til Íþróttamanns
Rangárþings eystra fyrir
árið 2025-2026 voru kynntar á
Kjötsúpuhátíð sem fór fram síð-
ustu helgi. Hans Þór Hilmarsson
varð fyrir valinu sem íþrótt-
amaður Rangárþings eystra árs-
ins 2025-2026.

Hans átti afar sterkt keppn-
isár 2026 og náði góðum árangri
á stærstu mótum ársins. Hann
hóf árið af krafti í Meistaradeild

Líflands þar sem hann varð í
öðru sæti í fimmgangi á Ölfra
Reykjavöllum. Á Íslandsmóti
bætti hann svo við silfur verð-
launum í 150 metra skeiði á
Vorsól frá Stóra-Vatnsskarði á
tímanum 14,03 sekúndum sem
jafnframt er fjórði besti tími
ársins.

Hápunktur ársins var þó án
eða sigur Hans Þórs og Sindra
frá Hjarðartúni í A-flokki

gæðinga á Landsmóti hesta-
manna á Hólum. Þar stóðu þeir
uppi sem Landsmótsmeistarar
eftir glæsilega frammistöðu og
hlutu 9,13 í einkunn. Sigur í
A-flokki á Landsmóti er einn
eftirsóttasti og virtasti titill sem
knapi getur unnið hér á landi
og stendur upp úr á glæsilegu
keppnisári Hans Þórs Hilmarsson
innan vallar sem utan.



Mynd: Rangárþings eystra.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun

Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Töfrar að skrifa ljóð

Rithöfundurinn Ingibjörg Birgisdóttir hefur gefið út sína fjórðu barnabók, Litaævintýri Siggu og Dóra. Næstkomandi laugardag verður útgáfuhóf á bókasafninu á Selfossi.

Hingað til hafa bækur Ingibjargar alltaf innihaldið stök ljóð en Litaævintýri Siggu og Dóra er fyrsta barnabók Ingibjargar með söguþræði. Bókin er í ljóðaformi, bundnu máli, með stuðlum, höfuðstöfum og endarími, líkt og hennar fyrri bækur.

Hver kafli byggir á mismunandi lit

Hver kafli er litaskiptur, táknar í rauninni einn lit og notar Ingibjörg litina til þess að ramma inn söguna. Litirnir hafa jafnframt ákveðna merkingu og tengjast stemningu og tilfinningum. Til dæmis er brúnn jarðtenging, grænn er öfundsyki, gulur er bjartur morgun og sólin, rauður er reiði o.s.frv.

„Bókin er um systkinin Siggu og Dóra. Dóri vaknar um miðja nótt í gráum, þegar allt er grátt og drungalegt. Hann vill ekki sofa lengur og vekur systur sína og þau stelast út að leika. Þau lenda í alls konar yfir daginn. Bókin spannar í rauninni heilan dag og endar í appelsínugulu sólsetrinu,“ segir Ingibjörg.

Bókin er fallega myndskreytt eftir Natalíu Yacuzzi en hún hefur myndskreytt allar bækurnar eftir Ingibjörgu. „Ég er svo heppin að vera með góðan teiknara. Myndirnar eru mjög mikilvægar því þær laða börnin að bókinni og svo fylgir textinn á eftir.“

Þriðja bókin á þremur árum

Ingibjörg, sem er búsett á Selfossi, hefur verið að semja ljóð frá því hún var í Kennaraháskóla Íslands. Þar kynntist hún ljóðabókum Þórarins Eldjárns og varð alveg heilluð af þeim.

„Þá skráði ég mig í svona valáfanga, ljóðaáfanga hjá honum Ragnari Inga Aðalsteinssyni, og þá bara komst ég að því að ég gæti skrifað ljóð.“ Ingibjörg dúxaði í áfanganum.

Ingibjörg samdi sína



Ingibjörg Birgisdóttir. Mynd: Dagskráin/SEG.

fyrstu bók árið 2007 en næsta bók kom ekki út fyrr en 17 árum seinna, árið 2024. Í fyrra gaf Ingibjörg út þriðju bókina, Dásamleg dýr, sem naut mikillar vinsældar. Litaævintýri Siggu og Dóra er því þriðja bók Ingibjargar á síðustu þremur árum.

Krefjandi en skemmtilegt ferli

Ingibjörg segir ýmsar áskoranir fylgja því að skrifa ljóðabók en að henni finnst það alltaf jafn gaman.

„Mér finnst að þegar maður nær að setja orðin rétt saman, þannig að þau passi inn í formið, þá gerast einhvern veginn svona töfrar. Þetta getur oft verið mjög krefjandi. Ég veit kannski hvað mig langar að skrifa um áður en ljóðformið er komið, en samt gerist oft lítið fyrr en ég finn rétta formið. Þá fara hlutirnir allt í einu að gerast.“

Fyrir hvaða aldurshóp er Litaævintýri Siggu og Dóra?

„Ég myndi segja að bókin sé fyrir leikskólabörn og alveg upp í fyrstu bekk í grunnskóla. Svo held ég bara að fullorðnir geti líka haft gaman af bókinni, það er alltaf gaman að lesa í bundnu máli.“

Útgáfuhóf á Bókasafni Árborgar

Í tilefni af útgáfu Litaævintýri Siggu og Dóra verður efnt til útgáfuhófs á Bókasafni Árborgar á Selfossi, laugardaginn 5. september klukkan 11:00. Boðið verður upp á léttar veitingar, kleinur og pönnukökur að sveitasíð og einnig verður hægt að ná sér í áritað eintak á kynningarafslætti. Einnig verður fönðurhorn þar sem krakkar geta litað og teiknað að vild. Allir eru velkomnir og hvattir til að mæta og taka þátt.

Litaævintýri Siggu og Dóra fæst hjá höfundi á skjalda.is og í helstu verslunum Pennans. Einnig fæst hún í Bókakaffinu á Selfossi og hjá Forlaginu.

„Ég er afskaplega stolt af þessari bók og ég bind miklar vonir við hana. Ég vona bara að hún fari sem víðast og ég er spennt að heyra hvað krökkunum finnst,“ segir Ingibjörg í lokin.



Höfðingleg gjöf frá VISS

Kristján Magnússon kom færandi hendi í vikunni og afhenti Rangárþingi ytra þetta fallega skilti fyrir hönd VISS, vinnu- og hæfingarstöðvar á Hvolsvelli. Eiríkur Vilhelm sveitarstjóri tók við skiltinu sem kemur til með að prýða skrifstofu sveitarfélagsins og verður staðsett á áberandi stað svo sem flestum gefist færi á að njóta þess.

VISS, vinnu- og hæfingarstöð fyrir fólk með skerta starfsgetu, er staðsett á Hvolsvelli en þjónustar alla Rangárvallasýslu. Hægt er að koma við hjá þeim á Hvolsvelli og kaupa vörur sem þau hafa framleitt en einnig er hægt að óska eftir sérsmíði á skiltum í anda þess sem sveitarfélaginu var afhent. Hægt er að fylgjast með starfsemi VISS á Facebook.



Mynd: Rangárþing ytra.



AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni
og kleinur á
meðan þú bíður
í september



TJÖRNIN

Í dag er bernska mín orðin stór tjörn
sem ég skoða sjálfan mig í.
Á grænum skófabotninum
eru steinar þaktir mosa og
frábærar fisktegundir.

Ég dýfi hendinni í vatnið
og hræri í því
til að ná taki á
viðsjálum skugga.

Tjörnin skilar mér aftur himni og skýjum,
himinn og jörð kyssast í henni
og sameinast.

Ég teikna á hana mynd, mig dreymir hana,
en ég næ ekki til hennar.

Hanni Ossott, Venesúela, 1946-2002
Claude Monet, Vatnaliljur

Umhverfisverðlaun Rangárþings ytra veitt á Töðugjöldum

Umhverfisverðlaun Rangárþings ytra voru veitt á Töðugjöldum laugardaginn 15. ágúst en með verðlaununum er vakin athygli á þeim sem leggja sérstakan metnað í fallett og snyrtilegt umhverfi í sveitarfélaginu.

Skeiðvelli hlutu viðurkenningu fyrir fegursta lögbýlið og tók Katrín Sigurðardóttir við viðurkenningunni.

Viðurkenningu fyrir fegursta garðinn í þéttbýli hlaut Bolalda 1, en þar hafa Friðsemd Hafsteinsdóttir og Jón Thorarensen lagt mikinn metnað í fallegan og vel hirtan garð.

Verðlaun fyrir fegursta umhverfi fyrirtækis hlutu Stracta Hótel, Mosfell og veitingastaðurinn Róttin. Hreiðar Hermannsson tók við viðurkenningunni fyrir þeirra hönd.

Rangárþing ytra óskar verðlaunahöfunum innilega til hamingju og þakkar þeim fyrir þeirra framlag til fallegs og snyrtilegs umhverfis í sveitarfélaginu. Slikur metnaður er mikilvægur þáttur í að gera sveitarfélagið að aðlaðandi stað fyrir íbúa og gesti.

Rangárþing ytra



Krabbameinsfélag Íslands fagnar 75 ára afmæli á Sviðinu

Krabbameinsfélag Íslands fagnar 75 ára afmæli á þessu ári og af því tilefni verður haldið upp á tímamótin með afmælisveislum víða um land, þar á meðal á Selfossi. Í kvöld, fimmtudag 3. september býður félagið stuðningsfólki, sjálfbodaliðum, félagsmönnum og öðrum velunnurum til veislu á Sviðinu frá kl. 17 til 19.

Allt starf Krabbameinsfélagsins miðar að því að fækka þeim sem fá krabbamein, fjölga þeim sem læknað eða lifa með krabbameini og að lif og lífsgæði þeirra og aðstandenda þeirra séu sem best.

Fáir vita að Krabbameinsfélagið er alfarið rekið fyrir sjálfsafslæði. Starfsemin er möguleg vegna stuðnings frá einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Þar skipta Mottumars og Bleiku slaufan miklu máli, en ekki sist frá stór hópur dásamlegra Velunnara sem styðja okkur mánaðarlega.

„Í ár á félagið 75 ára afmæli og við viljum nýta þau tímamót til að þakka þessum dyggu stuðningsaðilum, mánaðarlegum styrktaraðilum, öðrum velunnurum, sjálfbodaliðum og félagsmönnum aðildar-



Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands.

félaga um allt land – þar á meðal félögum í Krabbameinsfélagi Árnessýslu - sem er eitt öflugasta aðildarfélag Krabbameinsfélagsins. Það er jú þessi dýrmæti stuðningur sem gerir okkur kleift að halda úti okkar mikilvægu starfsemi,“ segir Árni reynir Alfreðsson í samtali við Dagskrána.

Viðburðurinn er ætlaður að fagna áföngum sem hafa náðst, njóta góðra veitinga og skemmtiatriða frá Jóni Ólafssyni tónlistarmanni, sem verður veislustjóri og Hildi Völu Einarsdóttur, söngkonu.

„Við hlökkum mikið til að

fá að þakka öllu hinu góða stuðningsfólki Krabbameinsfélagsins fyrir stuðninginn. Það að fólk láti sig málin varða og sýni stuðninginn í verki skiptir öllu máli og gerir alla starfsemi Krabbameinsfélagsins mögulega, hvort sem um er að ræða forvarnir, vísindastarf eða stuðning. Stórir áfangar hafa náðst en áskoranirnar eru líka margar fram á veginn. Okkar öfluga stuðningsfólk á allt gott skilið og það verður gaman að hitta það í heimabyggð“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins.

PYLSUVEISLA Stillingar & Carglass Föstudaginn frá kl.11:30-14:00

20% afsláttur af öllum vörum 4. september

Bæjarins bestu pylsur í boði

Stilling og Carglass bjóða þér í pylsuveislu í hádeginu 4. september til að fagna nýrri verslun og opnun útibús Carglass á Selfossi.

Ástandsskoðun og framrúðuviðgerð* í boði Carglass frá kl. 11:30 - 14, bóka þarf á staðnum.

Kíktu við, skoðaðu úrvalið og kynntu þér þjónustu Carglass.

*Stjarna þarf að rúmast innan marka svo unnt sé að gera við



Hrísmýri 2a - 800 Selfoss · 520 8006 · stilling.is



carglass-iceland.is

UMFS og Sveitarfélagið Árborg undirrita valla-samning

Umf. Selfoss og Sveitarfélagið Árborg hafa endurnýjað samning um rekstur Selfossvallar, íþróttavallasvæðis Sveitarfélagsins Árborgar við Engjaveg á Selfossi.

Undanfarin ár hefur Umf. Selfoss séð um rekstur vallasvæðisins, sem margir telja eitt fallegasta vallasvæði landsins, og verður þar engin breyting á.

Samningurinn nær til ársins 2030.



Helgi Sigurður Haraldsson, formaður Umf. Selfoss og Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, við undirritun samningsins. Mynd: UMFS.

Áætlanir greiða ekki reikninga

Fjárhagur Hveragerðisbæjar hefur verið til umræðu undanfarin misseri. Fyrir kosningar bentu undirritaðir bæjarfulltrúar ítrekað á að þær forsendur sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins byggði á svo sem um uppbyggingu, sölu lóða og tekjur af gatnagerðar- og byggingarréttargjöldum væru of bjartsýnar. Sömu sögu mátti segja um forsendur í tengslum við íbúafjölgun, verðbólgu og vaxtastig. Við töldum að verið væri að taka of mikla áhættu með fjármuni sveitarfélagsins og að umfang framkvæmda væri farið að ráðast af væntingum um tekjur sem óvíst væri hvort eða hvenær myndu skila sér.

Árshlutauppgjör sýnir skýrari mynd

Bæjarfulltrúar meirihlutans samþykktu á fundi bæjarstjórnar, 2. júlí 2026, að láta vinna árshlutauppgjör til að fá sem skýrasta mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Uppgjörið átti að gefa bæjarstjórn og stjórnendum raunhæfari yfirsýn yfir stöðuna, skapa traustan grundvöll fyrir komandi fjárhagsáætlunargerð og tryggja að forgangsstöðun verkefna og aðgerða byggji á raunverulegri stöðu og getu sveitarfélagsins fremur en forsendum sem ekki hafa gengið eftir. Bæjarfulltrúar minnihlutans sátu hjá við afgreiðslu málsins, en ánægjulegt er að nú hefur skapast sameiginlegur skilningur eins og bókun allra fulltrúa í bæjarráði, fimmtudaginn 20. ágúst, sýnir glögt.

Nú liggur fyrir árshluta-

uppgjör sveitarfélagsins og staðreyndirnar tala sínu máli. Daglegur rekstrarkostnaður sveitarfélagsins hefur reynst hærri en áætlað var, þótt auknar tekjur af útsvari og fasteignagjöldum hafa að nokkru leyti vegið upp á móti þeirri þróun.

Helsti vandinn snýr að því að við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2026 var gert ráð fyrir að um einn milljarður króna myndi skila sér í tekjum vegna uppbyggingarverkefna og gjalda fyrir gatnagerð og byggingarrétt. Við lok máí höfðu hins vegar aðeins um 17 milljónir króna skilað sér, eða undir 2% af áætlun. Hluti þessara tekna kann að skila sér síðar á árinu en ljóst er að þróunin hefur ekki verið í samræmi við áætlun enda um óraunhæfa áætlun að ræða. Á sama tíma hafa fjárfestingar og framkvæmdir reynst kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir.

Aðgerða er þörf

Afleiðingin er versnandi lausafjárstaða. Staðan hefur kallað á auknar yfirdráttarheimildir síðustu mánuði og nýverið þurfti sveitarfélagið að nýta 200 milljóna króna yfirdráttarheimild til að tryggja eðlilegt sjóðstreymi. Jafnframt liggur fyrir að skapa þarf auknið fjárhagslegt svigrúm til að standa við skuldbindingar sveitarfélagsins, meðal annars með 600 milljóna króna aukinni lántöku. Lántaka ársins yrði þar af leiðandi yfir 1.000 milljónum króna.

Ef tekjur skila sér ekki með þeim hætti sem gert var ráð fyrir, rekstrarkostnaður helst

óbreyttur og allar framkvæmdir halda áfram samkvæmt gildandi áætlunum má ætla að fjármögnunarpörf sveitarfélagsins gæti numið 800 til 1.000 milljónum króna fyrir árslok. Það er staða sem má ekki raungerast.

Raunhæfar áætlanir og betri forgangsstöðun

Verkefnið framundan er skýrt. Tekjuáætlanir þurfa að byggja á raunhæfum forsendum, forgangsraða þarf betur stórum og kostnaðarsömum verkefnum og tryggja þarf sjálfbærar tekjur þar sem skuldbindingar sveitarfélagsins taka mið af raunverulegri fjárhagslegri getu þess.

Við getum rýnt í ákvarðanir síðustu ára og deilt um hvað betur hefði mátt fara. En nú er ekki tími til að dvelja í fortíðinni. Nú þarf að horfa fram á veginn, læra af því sem gerst hefur og ná tökum á stöðunni. Það jákvæða er að nú liggur fyrir raunveruleg staða sveitarfélagsins. Þar með höfum við betri forsendur til að taka réttar ákvarðanir.

Við settum okkur strax það markmið að starfa í opnu samtali við íbúa. Við viljum að allir séu meðvitaðir um rétta stöðu sveitarfélagsins og við munum halda áfram að upplýsa íbúa um stöðu mála, þær ákvarðanir sem þarf að taka og hvernig gengur að koma rekstri sveitarfélagsins aftur í rétt horf.

Ingimar Guðmundsson
Sigmar Karlsson
María Rún Þorsteinsdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir



Ofnbökuð bleikja með mangósalsa og hvítlauksbrauði

Matgæðingur vikunnar er Eva Arnarsdóttir.



Takk, elsku Macey, fyrir tilnefninguna.

Fékk samt nett kvíðakast yfir þessu. Þá helst vegna þess að ég á svo margar uppáhaldsuppskriftir en fer líka svo sjaldan eftir uppskriftum.

Ég ætla að bjóða upp á ofnbakaða bleikju (má líka vera lax en þá helst villtur) með mangósalsa og hvítlauksbrauði.

Ofnbökuð bleikja
Fyrir ca. fjóra
800-900 g bleikja, roðflett
25 g smjör
1/2 dl sweet chili sósa
1-2 tsk. rifid ferskt engifer
1 stórt hvítlauksrif, pressað
Góður slatti af fersku kóríander, saxað smátt
1/2-1 tsk. rauðar piparflögur
Salt eftir smekk

1 stór rauð paprika, skorin í teninga
1/2 rauðlaukur, smátt skorinn
Góður slatti af kóríander, smátt skorinn.
1 chili, fræhreinsað og smátt skorið
Safi úr 1-2 lime, fer eftir hversu safarík þau eru.

Allt sett í pott og hrært saman þar til smjörið er bráðið, tekið af hitanum og 2 tsk. sesamolía sett út í.

Öllum blandað saman og smá flögusalt yfir.

Þessu er smurt ofan á fiskinn.

Ferskum ananas er raðað í botninn á eldföstu formi, bleikjunni raðað ofan á og bakað í 220 gr heitum ofni í 15-20 mínútur, fer eftir þykkt stykkjanna.

Tekið út og ristudum sesamfræjum og smátt skornum graslauk dreift yfir

Hvítlauksbrauð
1 súrdeigsbaguette skorið í tvennt eftir endilöngu og svo í 4 bita hvor helmingur

Sett vel af smjöri (nota oft kalt smjör beint úr ísskápnunum og skerið það með ostaskera) á alla bitana og kryddið með hvítlauksdufti og flögusalti.

Ef vill má setja rifinn ost yfir.

Bakað í 220°C heitum ofni í 5 mín.

Verði ykkur að góðu.

Mangó salsa
1 stórt mangó, skorið í teninga

Ég ætla að skora á stórvinnu minn, garðyrkjubóndann og kryddframleiðandann Gunnar Þorgeirsson á Ártanga, að koma með uppskrift í næsta blaði. Hann er eins og ég, fer ekki eftir uppskriftum en er snilldarkokkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

September listamaður í Gallery Listaseli

September gestalistamaður Sí Gallery Listaseli er Viðar Breiðfjörð frá Vestmanneyjum. Hann sýnir abstrakt og húsamyndir málaðar með olíu á striga. Viðar hefur haldið ýmsar einkasýningar og samsýningar í gegnum tíðina. Opnun verður laugard. 5 sept. frá kl 14-16. Létta veitingar í boði og allir velkomnir.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Pest sem drap hér dýr og menn, drykkur ógurlegur.
Franskur skóli, fannst í denn, fæ á hendi - tregur.

Svar við gátu í blaði 2867: **SKRÚFA**

1. **Skrúfa** sem skrúfuð er, t.d. í tré - 2. **Pumalskrúfa**
3. **Loftskrúfa** á flugvél (hreyfill) - 4. **Skiptsskrúfa**

5. sept.	Kringlumýrarrétt á Lyngdalsheiði, Árnessýslu
7. sept.	Klausturhólarétt í Grímsnesi, Árnessýslu
11. sept. kl. 10.	Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árnessýslu
11. sept.	Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu
12. sept.	Grafarrétt Skaftártungu, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu
12. sept.	Reykjaréttir á Skeiðum, Árnessýslu
12. sept.	Skaftárrétt, Hunkubökkum, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu
12. sept.	Tungnaréttir í Biskupstungum, Árnessýslu
12. sept. kl. 13.	Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árnessýslu
13. sept. kl. 17.	Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árnessýslu
13. sept.	Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árnessýslu
13. sept. kl. 14.	Ölfusrétt í Reykjadal, Árnessýslu
14. sept. kl. 9:45.	Grafningsrétt í Grafningi, Árnessýslu
20. sept. kl. 9	Selvogsrétt í Selvogi, Árnessýslu — Smalað er í Selvogi 19. sept., réttað 20. sept.

Smalað er í Ölfusi 12. og 13. september og 26. og 27. september. Austurleit smalar Ingólfssjall 19. september.
Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 77 eru seinni leitir tveimur vikum síðar.
Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs. Heimildir: Bændablaðið



Verkstjóri vöruhúss og dreifingar

Eimskip á Suðurlandi leitar að jákvæðum og drifandi einstaklingi í starf verkstjóra vöruhúss og dreifingar á starfsstöð Eimskip á Selfossi. Á haustmánuðum 2027 flytur Eimskip í nýtt og sérhæft húsnæði á Selfossi sem mun skapa enn betri aðstöðu fyrir starfsfólk og styðja við áframhaldandi vöxt og þróun starfseminnar.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Magnússon svæðisstjóri, smag@eimskip.com. Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2026.



Viltu vita meira?
Skannaðu kóðann
og sæktu um.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulags:

Víkurheiði – AT5 – Endurskoðun deiliskipulags
Tillaga að nýju og endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir athafnasvæði AT5, í Víkurheiði. Núverandi skilmálar verða endurskoðaðir á núgildandi deiliskipulagi sem tekur til tæplega 46 ha svæðis, sem liggur að svæðum ÍB23 og ÍB27 auk flugvallarsvæðis. Þá verður bætt við núverandi deiliskipulagssvæði nýju svæði, tæplega 24 ha að stærð, þar sem bætt verður við blönduðum stærðum af athafnalóðum. Við gerð endurskoðaðs skipulags verður sérstaklega horft til að uppfæra skilmála er varða t.d. lausamuni á lóðum, frágang lóða, girðingar, afskermingar og frágangs gróðurs. Eldra deiliskipulag með síðari breytingum mun falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags, sem mun taka til tæplega 70 ha svæðis.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða bæjarstjórnar Árborgar:

Aðalskipulagsbreyting – Opíð svæði OP1 – skátasvæði
Óveruleg breyting er gerð á gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Um er að ræða skilmálabreytingu fyrir opin svæði OP1, sem felur í sér skilgreiningu á auknu byggingarmagni á svæði sem ætlað er sem aðstaða fyrir Skátafélagið Fosshúsi. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulagsbreytingar sem tekur til viðkomandi svæðis.

Aðalskipulagsbreyting – Efnistökusvæði E2
Óveruleg breyting er gerð á gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis E2. Breytingin felur í sér að bætt er við punkti sem tekur til efnistöku úr Eyrarbakkafljóru. Engin breyting er gerð á skilgreindri heimild til efnistöku. Samhliða er unnið að tilkynningarskýrslu vegna hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum í samræmi við 1.viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is
Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 3. september 2026, til og með 15. október 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 15. október 2026.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlafundurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.AA fundir í Hveragerði í húsi
Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

Aðgerðaleysi greiðir heldur ekki reikninga



Á síðasta fundi bæjarráðs
lögðu allir fulltrúar, meiri-
hluti og minnihluti, fram sam-
eiginlega bókun um árshluta-
uppgjör Hveragerðisbæjar. Þar
var tekin fagleg afstaða: Við
horfumst í augu við að tekjur
af lóðasölu hafa dregist saman,
viðurkennum að bregðast þarf
við erfiðri lausafjástöðu og
forgangsröðum í þágu grunn-
þjónustu og nauðsynlegra fram-
kvæmda eins og íþróttahússins.

Það veldur vonbrigðum að
forystufólk meirihlutans kjósi
að hlaupa í fjölmiðla fæcinum
dögum síðar með upphrópanir
um að „áætlanir greiði ekki
reikninga“. Skotgrafahernaður
leysir engan vanda.

Samfella í stað kyrrstöðu

Á síðasta kjörtímabili urðu
veruleg stakkaskipti í rekstri
bæjarins. Jafnvægi náðist í
rekstrinum og afkoman fór úr
300 milljóna króna tapi árið
2021 í 100 til 170 milljóna
króna rekstrarafgang árin
2024 og 2025. Heilbrigðis-
merki rekstrarins styrktust til
muna, samhliða umfangsmikilli
uppbyggingu innviða og þjón-
ustu.

Í aðdraganda kosninga

ÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónustaAllt fyrir
sumarhúsið
og garðinnPalla og skjólgirðingar
Viðbyggingar og
breytingarnar
Viðhald og endurbætur
Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

löggildur húsasmiði og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.comSími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

KIRKJA

Hrunakirkja

Uppsakerumessa laugardaginn 5.
sept. kl. 11. Guðsþjónusta, leikir
og grill! Samvera fyrir alla
fjölskylduna. Verið öll velkomín!Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40bSamkoma á sunnudögum kl.
11:00. English translation avail-
able. Unglingasamkomur á
fimmtudögum kl. 20:00. Allir
innilega velkomínir.

Selfoskirkja

Fjölskyldumessa sunnudaginn
6. september kl. 11:00 í Selfoss-
kirkju. Börn úr barna- og ung-
lingakór leiða söng. Létt og
skemmtileg stund fyrir alla fjöl-
skylduna. Umsjón með stund-
inni hafa Sjöfn, Edit, Bergþóra
og Arnaldur.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 6.
september. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þræ-
dika og þjónar. Jón Bjarnason
leikur á hljóðfæri og leiðir safn-
aðarsöng. Barnabörðið er ávallt
á sínum stað og svo er kaffisopi
á eftir. Innilega velkomín.

TIL SÖLU

Pearl trommusett
og róðravél til söluDiskar góðir. Góður stóll.
Tvöfaldur bassatrommufótur og
annar stakur. Á sama stað er til
sölu róðravél Concept 2
RowERG. Sími 899 7737.
Hannes.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlunJákvæðar
hugsanir
breyta deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttaræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

lögðum við í Okkar Hvera-
gerði mikla áherslu á að tryggja
samfellu í verkefnum bæjarins.
Bæjarfélagið má ekki fara í frost
við stjórnskipti – hvorki í sókn
nýrra tækifæra né framvindu
yfirstandandi verkefna.

Ef nýr meirihluti setur tilbúin
verkefni á ís og fylgir málum
ekki eftir, stöðvast eðlilegt
tekjustreymi. Áætlanir skila
engu ef framkvæmdir og samn-
ingaviðræður um tekjuaflandi
verkefni stoppa.

Tölurnar tala sínu máli

Það er mikilvægt að halda stað-
reyndum til hags:

- **Bæjarbúar greiða sína
reikninga:** Útsvarstekjur
bæjarins á fyrstu fimm
mánuðum ársins eru 119
milljónum króna hærri
en áætlun gerði ráð fyrir
og Aðalsjóður skilar 106
milljóna króna rekstraraf-
gangi fyrir fjármagnsliði.
Grunnreksturinn stendur
fyllilega undir sér.

- **Hvar liggur vandinn?**
Lausafjárskorturinn stafar
af því að áætlaðar tekjur af
gatnagerðar-, byggingar-
réttar- og innviðagjöldum
hafa einungis skilað sér að
litlum hluta, þar sem lóðum
hefur ekki verið úthlutað
og samningar um stærri
uppbyggingarverkefni ekki
verið kláraðir.

- **Lántaka er ekki tekjuöflun:**
Tillaga meirihlutans um að
taka 600 milljóna króna lang-

tímalán er tímabundið neyð-
arúræði til að létta á yfir-
drætti og klára íþróttahúsið.
En lán eru ekki nýjar tekjur
– þau þarf að greiða til baka
með vöxtum.

Leiðin fram á við

Áætlanir greiða vissulega ekki
reikninga – en aðgerðaleysi
og nýjar lántökur gera það enn
síður.

Ef bærinn á að standa undir
skuldbindingum sínum án þess
að skera niður í þjónustu við
íbúa verður meirihlutinn að sýna
forystu í verki.

- Klára þarf lóðamál í Kamba-
landi svo hægt sé að úthluta
lóðum og innheimta gjöld,
enda hefur bærinn þegar fjár-
festa í nauðsynlegri gatnagerð
á svæðinu.
- Klára þarf samninga á Grund-
arreit og öðrum uppbygg-
ingarreitum sem voru á loka-
metrunum við stjórnskipti,
en meirihlutinn hefur ekki
siglt í höfn. Þessi verkefni ein
og sér skila bænum hundru-
ðum milljóna í tekjur.

Við í Okkar Hveragerði munum
áfram veita málefnalegt aðhald,
styðja skynsamlegar lausnir en
krefjast þess að meirihlutinn
snúi sér að raunverulegri verð-
mætasköpun í stað þess að
kenna öðrum um eigin biðstöðu.

Lárus Jónsson og Dagný Sif
Sigurbjörnsdóttir, bæjarfull-
trúar Okkar Hveragerðis

Björgvin Franz
í rafmögnuðum draumi

Ný '80s ábreiða er komin á
YouTube-rás Hr. Eydis og
Ernu Hrönn af laginu „Together
in Electric Dreams“. Gesta-
söngvari er enginn annar en
leikarinn og söngvarinn Björg-
vin Franz, stórvinnur hljóms-
veitarinnar.

Lagið kom upphaflega út
árið 1984 í tengslum við kvik-
myndina Electric Dreams og
var flutt af Phil Oakey, söngvara
The Human League, og ítalska
tónskáldinu og upptökustjór-
anum Giorgio Moroder.

„Together in Electric
Dreams“ varð fljótt mun stærra
en kvikmyndin sjálf og hefur
fyrir löngu öðlast sjálfstætt
líf sem einn af eftirminnilegri
poppsmellum níunda áratuga-
rins.

Giorgio Moroder var á þessum
árum einn helsti maðurinn í
popp- og kvikmyndatónlist og
kom meðal annars að tónlist úr
kvikmyndum á borð við Flas-
hdance, Top Gun og Scarface.

Með Hr. Eydis og Ernu Hrönn
er, eins og áður segir, Björgvin
Franz og að sögn sveitarinnar
lá beinast við að fá hann með í
þetta lag.

„Björgvin er góður vinur Hr.
Eydisar og þetta lag hreinlega
kallaði á hann. Það var rosa-



lega gaman að renna í þetta
með honum og þetta smell-
passar auðvitað inn í Movie Hits
þemað hjá okkur í haust“ segir
Örlygur Smári, einn meðlima
Hr. Eydisar.

Útgáfan tengist hausttúr
sveitarinnar, ALVÖRU '80s
PARTÝ – Movie Hits, þar sem
áherslan verður á lög úr kvik-
myndum níunda áratugarins.
Miðasala er nú í fullum gangi.

Hr. Eydis kemur fram
á Akureyri 10. október, Selfossi
17. október og í Háskólabíói í
Reykjavík 7. nóvember.

Nánari upplýsingar um
tónleikana og miðasölu má
finna á heimasíðum viðkom-
andi tónleikastaða og miðasölu-
síðum.



Magnús Gíslason, formaður Meistarafélags Suðurland, og Valdimar Bjarnason, formaður Félags rafverktaka á Suðurlandi. Mynd: Aðsend.

Ályktun Meistarafélags Suðurlands og Félags rafverktaka á Suðurlandi: Lægri gjöld lækka kostnað við uppbyggingu

Fagna ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar um að lækka byggingarréttargjöld af íbúðarlóðum og fella niður gjöld af atvinnulóðum.

Meistarafélag Suðurlands og Félag rafverktaka á Suðurlandi fagna ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar um að lækka byggingarréttargjöld af íbúðarlóðum og fella niður gjöld af atvinnulóðum. Aðgerðirnar eru mikilvægt skref í þá átt að bæta rekstrarumhverfi byggingariðnaðarins, greiða fyrir aukinni uppbyggingu og skapa betri skilyrði fyrir fjárfestingu í sveitarfélaginu.

Jákvætt skref fyrir uppbyggingu
Mikil þörf er á nýju húsnæði og því skiptir máli að sveitarfélög leiti leiða til að draga úr kostnaði við uppbyggingu. Lækkun byggingarréttargjalda af íbúðarlóðum um 30–40%, eftir byggðakjörnum, er jákvætt framlag í þá átt. Þá er sérstaklega ánægjulegt að gjöld af atvinnulóðum verði felld niður, enda getur sú breyting aukið hvata fyrirtækja til fjárfestinga og atvinnuuppbyggingar í Árborg. Formenn félaganna telja mikilvægt að gjaldtaka sveitarfélaga vegna uppbyggingar sé hófleg, gagnsæ og fyrirsjáanleg. Há gjöld við upphaf framkvæmda geta dregið úr uppbyggingu, aukið fjármagns-

kostnað og að lokum skilað sér í hærra verði húsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Ákvörðun Árborgar er því mikilvægt fordæmi um hvernig sveitarfélög geta með markvissum breytingum á gjaldtöku skapað aukið svigrúm til framkvæmda, fjárfestinga og atvinnusköpunar. Félögin hvetja önnur sveitarfélög til að skoða með sambærilegum hætti hvernig draga megja úr álögum og hindrunum sem standa í vegi fyrir uppbyggingu.

Stjórnvöld vinni í sömu átt
Jafnframt skora formenn félaganna á stjórnvöld að fella ekki niður endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna á verkstað. Mikilvægt er að aðgerðir ríkis og sveitarfélaga vinni í sömu átt og styðji við framkvæmdir, viðhald og uppbyggingu fremur en að auka kostnað. Öflugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi byggingar- og mannvirkjageirans er forsenda áframhaldandi uppbyggingar. Aðgerðir Árborgar eru jákvætt skref í þá átt og félögin hvetja bæði ríki og sveitarfélög til að leggja áherslu á að draga úr álögum og bæta skilyrði fyrirtækja og heimila til framkvæmda.

Valdimar Bjarnason, formaður Meistarafélags Suðurland
Magnús Gíslason, formaður Félags rafverktaka á Suðurlandi

Selfoss í Olísdeild kvenna

27. ágúst sl. barst boð frá HSÍ til Selfoss þar sem meistaraflokkur kvenna var boðið sæti í Olísdeild kvenna. Eftir samráð við leikmannahópinn og þjálfara hefur Handknattleiksdeildin ákveðið að taka sætið. Spennandi vetur er framundan hjá liðinu og hvetjum við stuðningsmenn og samstarfsaðila til að flykkja sér að baki liðinu.



Liðsmynd frá síðasta tímabili. Mynd: Aðsend

Tólf HSK-met sett á hérðasmóti fatlaðra

Héraðsmót fatlaðra í frjálshlípróttum var haldið á Selfossvelli dagana 10. og 11. ágúst sl. Til leiks mættu keppendur frá Suðradeild Umf. Selfoss, Ármanni og ÍFR, en gestabáttaka var heimil á mótinu. Systurnar frá Mörk, þær Guðrún Hulda, Sigríður og María Sigurjónsdætur voru að sjálfsögðu mættar í kastgreinararar í kvennaflokki og stóðu sig vel eins og alltaf, þó engin met hafi verið slegin á þessu sinni. Tveir kappar frá Suðradeild Selfoss kepptu og settu samtals 12 HSK met, sem jafnframt

eru landsmet í þeirra fötlunarflokk. Þetta voru þeir Hrólfur Geir Björgvinsson, sem keppir í flokki F36 og Sigurjón Ægir Ólafsson sem er í F34. Sigurjón Ægir, sem var hlóttamaður HSK árið 2023 fyrir frábæran árangur í kraftlyftingum, setti sín fyrstu HSK-met í frjálsum árið 2024. Hann bætti 11 metum við í fyrra og metin í ár, eftir héraðsmótið, eru orðin alls níu. Á héraðsmótinu tvíbætti hann eigið met í kringlukasti sitjandi í F34, kastaði lengst 9,84 metra og þá setti hann nýtt HSK-met í spjótkesti í sitjandi flokki sínum, kastaði 7,53 metra,

hann þrúbætti sinn árangur í kastseríunni. Hrólfur Geir setti sín fyrstu tvö HSK- og landsmet í fyrra í kúluvarpi í sitjandi flokki og eftir mót sumarins er hann búinn að setja 12 met í ár. Á héraðsmótinu þrúbætti hann eigið met í F36 í kúlu, kastaði lengst 5,08 metra og þá bætti hann eigið met í kringlukasti fjórum sinnum á mótinu, kastaði lengst 9,64 metra. Heildarúrslit mótsins má sjá á www.fri.is, undir mótamál og nýuppfærða HSK metaskrá á www.hsk.is. HSK



Sigurjón Ægir og Hrólfur Geir, að lokinni keppni í spjótkesti. Þeir félagar settu samtals 12 met á mótinu. Mynd: Aðsend.



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

TILBOÐ

799.000,-
m/vsk

Áreiðanleg loftpressa frá hinum virta framleiðanda ELGi. Kemur með þurrkara sem getur náð daggarmarki + 3°C og 270 l loftkút með tímastilltu dreni. Stærð í mm: L: 1825 x B: 773 x H: 1405 5 ára ábyrgð með þjónustusamning.

- Loftpressa 5,5 kW
- Afkastageta 650 l/mín
- Þurrkari + 3°C
- 270 l loftkútur
- Hámarksþrýstingur 10 bar
- Hljóðstyrkur aðeins 64 dB (A)
- Þriggja fasa / 400 V

Fáanleg með matvælavottaðri olíu og í öðrum stærðum. Einnig hægt að ná ISO 8573-1 gæðastaðli 1:4:1 með tveimur þrýstiloftssíum.

Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | dynjandi@dynjandi.is

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bilasprautun - Bílaréttingar
Bilrúðuskipti

*Þar sem
fagmennirnir vinna*



Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastæðunum



RAVVELATÆKNI

Vantar þig rafvirkja?

Alhliða rafvirkta
Sérfræðipækning í stjórnerfum,
mótorstyringum og vélategndum lausnum

HAFÐU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is



DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss stiflulosun.is



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Sprettur
ÁBURÐUR



Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is